

Nd.

993. Frumvarp til laga

[281. mál]

um breyting á lögum nr. 49/1974, um lífeyrissjóð sjómanna, með áorðnum breytingum, sbr lög nr. 15/1980.

(Eftir 2. umr. í Nd., 20. maí.)

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Sjóðfélagar eru allir sjómenn sem ráðnir eru á íslensk skip, þar með taldir þeir skipverjar sem ekki eru lögskráðir, en starfa að vörðhaldi og viðgerð skips, flokkunarviðgerð eða að öðrum störfum í þágu útgerðar. Skulu þeir tryggðir í sjóðnum meðan þeir taka laun samkvæmt kjarasamningi sínum sem sjómenn. Taki sjómenn, sem þannig er ástatt um, laun samkvæmt öðrum kjarasamningi skal engu að síður skylt að tryggja þá í sjóðnum, nema tryggingarskyldu þeirra sé fullnægt með greiðslu til annars lífeyrissjóðs. Þó er heimilt að yfirmenn á farskipum skipafélaga, sem við gildistöku laga þessara hafa yfirmenn tryggða í lífeyrissjóðnum, séu tryggðir í þeim sjóðum er þau eru aðilar að. Á sama hátt er heimilt að yfirmenn strandferðaskipa ríkissjóðs og varðskipanna séu tryggðir í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Sjómönnum, sem lögskráðir eru í tilteknum byggðarlögum eða landshlutum og ráðherra hefur fyrir gildistöku laga þessara veitt undanþágu frá þátttöku, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 78/1970, er heimilt að vera utan við sjóðinn fullnægi þeir tryggingaskyldu sinni með greiðslu iðgjalds til annars lífeyrissjóðs.

Sjóðfélögum, sem hætta störfum á sjó, skal heimil áframhaldandi þátttaka ef þeir hefja störf í landi við útgerð eða hliðstæð störf, svo sem við fiskvinnslustöðvar eða frystihús, enda hafi þeir greitt iðgjöld til sjóðsins í a. m. k. 5 almanaksár og áunnið sér a. m. k. 3 st'g, sbr. 11. gr. Heimilt er stjórn sjóðsins að láta sjómennsku fyrir gildistöku laga þessara jafngilda iðgjaldagreiðslu í þessu sambandi. Ennfremur er stjórninni heimilt með sömu skilyrðum að leyfa sjóðfélaga að halda áfram þátttöku, ef hann tekur upp annað starf er veitir honum ekki aðild að lífeyrissjóði.

Stjórn sjóðsins er heimilt að leyfa félögum og samböndum, sem standa að samningum um kaup og kjör sjómanna er aðild eiga að sjóðnum, að tryggja starfsmenn sína í honum.

Stjórn sjóðsins er heimilt að leyfa sjómönnum, sem stunda nám í sjómannafræðum, slasast eða veikjast, að kaupa sér réttindi í sjóðnum þann tíma sem úr hefur fallið af þessum sökum.

2. gr.

4. gr. orðist svo:

Í stjórn sjóðsins eiga sæti sex menn tilnefndir af Alpýðusambandi Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Félagi ísl. botnvörpuskipa eigenda, Landssambandi ísl. útvegsmanna og Vinnuveitendasambandi Íslands. Sömu aðilar skipa hver um sig einn varamann í stjórnina.

Skipunar- og kjörtími stjórnar er 3 ár. Sjóðsstjórn skiptir með sér verkum, þó skulu fulltrúar atvinnurekenda og verkalýðsfélaga hafa á hendi formennsku til skiptis eitt ár í senn.

3. gr.

Í stað 1., 2., 3. og 4. mgr. 10. gr. komi tvær mgr. er verði 1. og 2. mgr. og orðist svo: Iðgjöld til sjóðsins skulu nema 10% af gjaldskyldum launum sem sjóðfélaginn tekur hjá hlutaðeigandi launagreiðanda, og greiðir sjóðfélagi 4%, en launagreiðandi 6%.

Iðgjöld vegna sjóðfélaga á fiskiskipum, öðrum en 500 rúmlesta skuttogurum og stærri, skulu reiknast af launum eftir því sem kveðið er á um í kjarasamningum hlutaðeigandi stéttarfélaganna á hverjum tíma. Iðgjöld vegna sjóðfélaga á öðrum skipum, þar með töldum skuttogurum 500 lesta og stærri, skulu reiknuð af heildarlaunum sjóðfélagans hjá hlutaðeigandi launagreiðanda. Stjórn sjóðsins ákveður hver skuli teljast gjaldskyld laun þeirra sjóðfélaga, sem heimild hafa til þátttöku samkvæmt ákvæðum 3.—5. mgr. 2. gr.

Í 2. málslíð síðustu mgr. 10. gr. laganna standi „3. málsg.“ í stað „5. málsg.“

4. gr.

3. og 4. mgr. 12. gr. orðist svo:

Heimilt er sjóðfélaga, sem stundað hefur sjómennsku í 25 ár eða lengur og verið lögskráður á íslenskt skip eigi skemur en í 180 daga að meðaltali á ári, að hefja töku ellilífeyris þegar hann er fullra 60 ára. Á sama hátt veitir 20—25 ára starf á sjó rétt til töku ellilífeyris frá 61 árs aldri og 15—20 ára starf til töku hans frá 62 ára aldri. Fáist ekki upplýsingar um lögskráningardaga er stjórn sjóðsins heimilt að beita annarri reglu um mat á áunnum rétti til flýtingar á töku lífeyris.

Heimilt er sjóðfélaga að fresta töku ellilífeyris allt til 75 ára aldurs, og hækkar þá upphæð ellilífeyris vegna réttinda sem áunnin voru fram til 65 ára aldurs um ½% fyrir hvern mánuð sem töku hans er frestað fram yfir 65 ára aldur.

5. gr.

1. mgr. 17. gr. orðist svo:

Falli niður launagreiðslur til sjóðfélaga vegna veikinda og geti hann ekki af þeim sökum innt af hendi iðgjald til lífeyrissjóðsins ávinnur hann sér ekki réttindi meðan svo stendur. Sama gildir ef sjóðfélagi er launalaus vegna atvinnuleysis og nýtur ekki atvinnuleysisbóta. Tímabil, er iðgjaldagreiðslur hafa sannanlega fallið niður af þessum ástæðum, reiknast ekki með þegar úrskurða skal hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt.

6. gr.

18. og 19. gr. laganna falli brott, en í staðinn komi ný grein:

Einungis er heimilt að endurgreiða sjóðfélögum iðgjöld í því skyni að færa féð og þar með réttindi, sem þeim fylgja, milli lífeyrissjóða. Þó er heimilt að setja í reglugerð ákvæði um endurgreiðslur til erlendra ríkisborgara, sem flytja af landi brott, og á þeim iðgjöldum, sem menn greiða til lífeyrissjóðsins eftir að þeir hafa náð 75 ára aldri, svo og á þeim hluta iðgjalda, sem kann að fara fram úr því sem skylt er að greiða samkvæmt lögum eða kjarasamningum.

7. gr.

2. málslíður 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða orðist svo:

Sama gildir um sjóðfélaga, er starfað hafa samkvæmt bátakjarasamningum með þeirri breytingu, að í stað 12. júní 1958 komi 31. desember 1969 eða annað það tíma-mark síðar, sem aðild að sjóðnum er miðuð við í hlutaðeigandi starfsgrein.

8. gr.

3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða orðist svo:

Árin 1980—1984 skulu elli-, örorku- og makalífeyrisgreiðslur samkvæmt lögum þessum breytast þannig, að lífeyrir miðist við grundvallarlaun samkvæmt 2. málsg. 11. gr. eins og þau eru 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí, 1. október og 1. desember 1980 og eftir það 1. mars, 1. júní, 1. september og 1. desember ár hvert. Frá 1. janúar 1985 að telja skulu uppbætur á lífeyrisgreiðslur ákveðnar í samræmi við ákvæði 16. gr.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.